



Skýrsla sveitarstjóra. Byrjun nóvember 2018

Helstu viðfangsefni

## Framkvæmdir

Það var í jánnum gagnvart veðráttu að tækist að koma malbiki á götur í hverfunum í Brautarholti og Árnesi.

Ofnalagnir í Brautarholti hafa verið endurnýjaðar að hluta. Enn er beðið eftir gólfefni á aðalsalinn í Brautarholti það er vonast til að það gerist fyrir lok nóvember.

Verið er að koma í gagnið rafmagnsjarðstreng sem kemur í staðinn fyrir svonefnda Háholtslínu. Það er tvímælalaust framfaramál.

Snjóbræðslulagnir við félagsheimilið Árnes munu verða tengdar innan skamms ásamt nýjum lagnainntökum í félagsheimilið.

Leitað hefur verið til verkfræðings hjá Verkís með að meta þörf á endurbótum í Skeiðalaug. Ljóst er að það verður kostnaðarsamt að stíga það skref til fulls og væntanlega verður metið á næstu viku hversu stór skref eigi að stíga í þeim efnum á næstu misserum.

## Fjármál

Síðustu vikur heftu vinna við fjárhagsáætlun tekið drjúgan tíma. Rekstrarútlit fyrir næsta ár er harla gott og bendir allt til að rekstrarafgangur á yfirstandandi ári verði með besta móti.

## Persónuverndarlöggjöf

Eins og fram hefur komið er ekki um annað ræða en innleiða persónuverndarlöggjöf og er verið að vinna að þeim málum um þessar mundir. Fyrirtækið Dattaca labs aðstoðar okkur á því sviði.

## Skjalavistun

Verið er að innleiða nýtt skjalavistunarkerfi. Það heitir Go Pro. Það er búið að setja það upp í tölvunum okkar á skrifstofunni og við munum væntanlega koma því í gagnið á næstu vikum. Þess er vænst að það muni komi á skilvirkari skjalavistun.

## Íbúar

Fjöldi íbúa um síðustu mánaðamót var 637. Búist er við nokkurri fækkun þar sem tímabundnir íbúar í Búrfelli munu líklega flytjast í önnur héruð.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri